

**Ed.**

**371. Nefndarállt**

um frumvarp til laga um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

Frá allsherjarnefnd.

Vjer höfum athugað frumvarp þetta og leggjum til að það verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

1. Við 1., 2., og 3. grein.

Greinarnar falli burtu, en í stað þeirra komi svo hljóðandi

1. gr.

Á manntalsþingum ár hvert skal sýslumaður greiða hreppstjórum, í launaskyni fyrir hvert umliðið fardagaár, þóknun af landsfje, er nemi 80 krónum í hreppi, þar sem íbúatalan fer eigi fram úr 300 manns. Þar sem fleiri eru, skal greiða hreppstjóra að auki 5 krónur fyrir hverja fulla 5 tugi íbúa, sem umfram eru 300.

Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi hann fyrir lok fardagaársins, ber honum eða dánarbúi hans  $\frac{1}{12}$  af ársþóknuninni fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefir hreppstjórn gegnt á árinu.

2. Við 5. og 6. gr.

Greinarnar falli burt, en í stað þeirra komi, næst á eftir 1. gr., svo látandi

2. gr.

Þegar hreppstjóri í umboði sýslumanns framkvæmir lögtak eða aðrar fígetagerðir, ber honum fyrir gerð hverja lögmælt gjald samkvæmt gildandi lögum um aukatekjur landssjóðs, alt það er gjaldið fer ekki fram úr 6 krónum. Sje gjaldið hærra samkvæmt aukatekjulögunum, fellur það sem umfram er til landssjóðs.

3. Við 7. gr. (er verði 3. gr.).

a. Í stað »16« komi:

20.

b. Síðasta setningin »Auk þess greiðist ... samkv. 4. gr.« falli burt.

4. Við 8. gr. (er verði 4. gr.).

Orðin »auk ferðakostnaðar« falli burt.

5. Við 9. gr. (er verði 5. gr.).

Orðin í niðurlagi greinarinnar »auk þess ... 4. gr.« falli burt.

6. Við 10. gr. (er verði 6. gr.).

- a. Í stað orðanna »auk ferðakostnaðar eftir reglunum í 4. gr.« komi:  
svo og fyrir landskifti.
  - b. Í stað »4 kr.« komi:  
5 kr.
  - c. Í stað orðsins »eiðvinninga« komi:  
að vinna eið.
  - d. Í stað orðanna »ekkert gjald greitt« komi:  
ekki greitt sjerstakt gjald.
7. Við 11. gr.  
Greinin falli niður, en 4. gr. færirst aftur fyrir 10. gr. (= 6. gr. eftir brtt.)  
og verði 7. gr., svo hljóðandi:  
Kostnaður við ferðir til starfa þeirra, sem um getur í 2.—6. gr. laga  
þessara, skal greiddur auk framangreindra gjalda og telst þannig:  
Fyrir 10 kílómetra vegalengd eða minna á landi, eða 5 kílómetra  
vegalengd eða minna á sjó, skal greiða 1 kr. í ferðakostnað. Sje ferð lengri,  
greiðist hlutfallslega sama þóknun fyrir þá vegalengd, sem umfram er.  
Þóknunin telst eftir samanlagðri vegalengd fram og aftur, alt að 6 krónum  
fyrir sólarhring. Standi ferð lengur en sólarhring frá heimili, skal greiða  
25 aura í ferðakostnað fyrir hverja klukkustund. Sje gjaldtaki búsettur í  
kaupþúni eða þorpi, greiðist ferðakostnaður því að eins, að hann þurfi að  
fara út úr kaupþúninu eða þorpinu.
8. Við 12. gr. (er verði 8. gr.).  
Í stað orðanna: »ásamt gjaldinu fyrir fyrirtekt málsins« komi:  
til dómarsins í rjettinum.
9. Við 13. gr. (er verði 9. gr.).
- a. Í stað orðanna: »viðkomandi lögtaksrjett á því« í 2. málsgrein, komi:  
sá lögtaksrjett á því, er gjaldið á að taka.
  - b. Í stað orðanna »endanlegum dómi« í 3. málsg. komi:  
ályktardómi.
10. Á eftir 14. gr. frumvarpsins komi ný grein (er verði 11. gr.), svo hljóðandi:  
Þegar vöruflutningaskip eða önnur skip, sem afgreiðslugjald eiga að  
greiða til landssjóðs, hafna sig á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki bú-  
settur, skulu þau, auk gjalds þess, sem landssjóði ber, greiða þeim, sem ritar  
á skipaskjölin í umboði lögreglustjóra, 5 aura af smálest hverri, nema skip-  
stjórar kjósi heldur að senda skipaskjölin tafarlaust til lögreglustjóra sjálfs og  
fá áritun hans á þau.
11. Við 15. gr. (er verði 12. gr.).  
Á eftir orðunum »13. desbr. 1895« komi:  
svo og lög nr. 5, 14. febr. 1902.

Alþingi, 9. ágúst 1917.

Magnús Torfason,      H. Hafstein,      Kristinn Daníelsson.  
formaður.                      ritari.